

Fundur í stjórn foreldrafélags BES, mánudaginn 26.9.2011. Kl 20:30

Mættir voru: Ragnheiður, Lóa, Rósa, Jessica og Ingólfur.

Fundur hófst á umræðum um stjórnarskipti. Ingólfur einróma kosinn formaður stjórnarinnar. Rósa heldur áfram sem ritari og varaformaður. Ragnheiður kosinn gjaldkeri og tekur við af Sveini, sem heldur áfram í stjórn sem varamaður. Þá er Íris einning kosin varamaður. Lóa lætur af störfum sem formaður en heldur áfram sem meðstjórnandi. Jessica kosin sem meðstjórnandi. Úr stjórn ganga Þóra, Hildur og Helga.

Ritara falið að breyta 5.málgrein í reglum foreldrafélagsins, þar sem fjallað er um kosningu fulltrúa í foreldraráð, breyta því í skólaráð, einnig þar sem fram kemur kosning stjórnarmanna. Þar sem fram kemur að kjósa eigi tvo stjórnarmenn, þar muni standa að kjósa eigi einn annað árið og einn hitt árið.

Tenglastarf rætt. Okkur sagt frá því að skólastjóri væri búinn að setja kennara skólans í að finna tíma fyrir bekkjarkvöld með sínum bekkjum. Stjórnin spyr hvort það eigi ekki að vera nóg, spurning með þörf fyrir tengla ef bekkjarkvöld ganga eftir. Áætlað er að bekkjarkvöld verði haldin tvisvar á vetri.

Ákveðið var að bjóða upp á skólapeysur. Lóa sér um það.

Bréf vegna forvarnarfundar þann 28. 9. '11. lesið. Sá fundur verður haldinn í Sunnulækjarskóla kl 20:00 það kvöld. Foreldrar fá sendann tölvupóst um fundinn. Stjórnir allra skóla fengu einnig sent bréf vegna annars fundar þann 4. ok. n.k. Nánar auglýst síðar.

Rætt var um mikilvægi þess að stjórnin fundi með skólastjóra, Ingólfur reynir ásamt skólastjóra að finna til þess tíma.

Ákveðið að hafa fundi í stjórn foreldrafélagsins reglulega í vetur eins og síðasta vetur, á ca 5 vikna fresti.

Fundi slitið kl 21:30.